

**Nd.**

**490. Tillaga**

til þingsályktunar um sjúkravistarstyrk handa geðveikum mönnum.

Flutningsm.: Eiríkur Einarsson, Einar Þorgilsson og Lárus Helgason.

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að greiða úr ríkissjóði, þangað til ráðin er bót á sjúkrahúspængslunum á Kleppi, nokkurn hluta dvalarkostnaðar geðveiks fólks á svo kölluðum Litla-Kleppi í Reykjavík, svo að hinum framfærsluskyldu verði ekki meir íþyngt vegna þessara sjúklinga en annara, er hafa fengið dvalarstað á aðalsjúkrahælinu, Kleppi.